



Reykjavík, 27. febrúar 2019
2019020017

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Viðburðarsamningur við ÍBR

Í 18. gr. samnings milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur frá 14. desember 2016 segir m.a: *"Þá tekur ÍBR að sér ýmis verkefni tengd íþróttastarfi svo sem að vinna að framgangi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík með kynningu og markaðssetningu og sjá um framkvæmd íþróttaviðburða, þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum íþróttaviðburðum s.s. Alþjóðaleikum ungmenna og Grunnskólamóti Höfuðborga Norðurlanda.*

Til að vinna frekar að framgangi þessa máls er lagt til að gerður verði samstarfssamningur á milli Reykjavíkurborgar og ÍBR um viðburði eins og Reykjavíkumaraþon, Tour of Reykjavík, Reykjavíkurlleika, Norðurljósahlaup og Miðnæturlaup. Hjálagt fylgja drög að slíkum samningi.

Lagt er til að borgarráð samþykki samninginn fyrir sitt leyti. Í fjárhagsáætlun ÍTR fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir þeirri fjárveitingu sem fram kemur í samningnum en gera þarf ráð fyrir hækkun um 7.0 mkr. á næsta ári

Ómar Einarsson

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 og Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) kt. 670169-1709 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við viðburðahald ÍBR á tímabilinu 1. janúar 2019 til 31. desember 2021.

1. gr.

Um er að ræða eftirtalda íþróttaviðburði sem fara fram árlega og ÍBR stendur að:

- Reykjavíkumaraþon
- Tour of Reykjavík
- Reykjavíkurléikar
- Norðurljósahlaup
- Miðnæturhlaup

Í fylgiskjali er nánari útlitun á markmiðum samnings þessa.

2. gr.

Á öllu kynningarefni ÍBR jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að viðburðirnir séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni, þ.á.m. á vefsvæði, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Jafnframt skal viðburðahald ÍBR starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

3 gr.

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg ÍBR til í beinum fjárframlögum kr. 8.000.000.- á árinu 2019 og síðan kr. 15.000.000.- 2020 og 2021. Greiðsla framlags greiðist með jöfnum greiðslum skv. samkomulagi ÍTR og ÍBR.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0336 – 26 - 987, kt. 670169-1709.

Reykjavíkurborg leggur einnig til lokanir og hreinsun gatna en áætlaður kostnaður er 2.000.000 kr.- vegna Reykjavíkumaraþons, 1.000.000 kr. vegna Norðurljósahlaups, 2.000.000 kr. vegna Tour of Reykjavík og 1.000.000 kr.- vegna Miðnæturhlaups.

Reykjavíkurborg heimilar að línur sem hlauparar/hjólreiðafólk fylgja á leið sinni verði málaðar. ÍBR annast framkvæmd, málum og þrif með umhverfisvænum efnum. Til að auka öryggi þátttakenda mun Reykjavíkurborg sjá til þess að sem flestum götum verði lokað auk þess sem að borgin mun lagfæra götur og stíga þar sem þörf er á.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir viðburði, sbr. aðstöðu vegna afhendingu gagna, hátíðardagskrár Reykjavíkurléika og alls þess er viðkemur íþróttaviðburðahaldi. Leiga hjá Íþrótt- og sýningarhöll, og öðrum mannvirkjum fellur þar undir svo lengi sem það fellur ekki undir æfinga- og keppnisstyrki ÍTR/ÍBR (gert upp í lok hvers árs). Auk þess býður ÍTR öllum þátttakendum í viðburðum ÍBR í sund samkvæmt samningi þessum.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2020-2021 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun viðburða að breyttri fjárveitingu.

4. gr.

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í febrúar árlega á samningstímanum, þar sem farið verður yfir fyrirhugaða framkvæmd samningsins og tillögu ÍBR að áherslum gagnvart íþróttaviðburðahaldi. ÍBR skal skila skýrslu um framkvæmd og fjárhagsuppgjör viðburðanna til skrifstofu íþrótt-, og tómsundaráðs eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Boðað verður til annars samráðsfundar reynist tilefni til. ÍBR skuldbindur sig jafnframt til að leggja árlega fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna viðburða undanliðins árs á árlegum fundum. Sviðstjóri íþrótt-, og tómsundasviðs boðar til fundanna.

5. gr.

Telji ÍBR hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Íþrótt-, og tómsundaráði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til ÍBR hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

6. gr.

Ábyrgð

ÍBR ber ábyrgð á íþróttaviðburðunum, fagmennsku þeirra, öryggi og gæðum. ÍBR stýrir allri framkvæmd og vali á dagskrá og sækir um öll leyfi til skemmtanahalds og annarra uppákoma sem snerta viðburðina til þar til bærra yfirvalda og stofnana og greiðir viðhlítandi gjöld. ÍBR ber ábyrgð á skuldbindingum sem bandalagið eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ÍBR er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr.

Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji ÍBR hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til ÍBR hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

8. gr.

Samningurinn gildir til 31. desember 2021. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR vegna Reykjavíkurmaraþons frá 2016 fellur úr gildi með samningi þessum.

Samningsaðilum er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins vegna breyttra aðstæðna.

Reykjavík, mars 2019.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. ÍBR

FSK.

Markmið

Í Reykjavík fara fram ýmsir íþróttaviðburðir sem framkvæmdir eru af íþróttafélögum, einkaaðilum, ÍSÍ, sérráðum, sérsamböndum og ÍBR.

ÍBR stendur að sex íþróttaviðburðum á ári hverju, þ.e. Reykjavíkurmaraþoni, Tour of Reykjavík, Reykjavíkurleikum, Norðurljósahlaupi, Miðnæturhlaupi og Laugavegshlaupi. ÍBR aðstoðar einnig aðildarfélög og sérráð ÍBR í þeirra viðburðahaldi og hefur milligöngu er varðar aðstöðu fyrir viðburði í íþróttamannvirkjum borgarinnar.

Markmið samningsins er að styðja viðburðahald ÍBR og festa hlutverk ÍBR í sessi sem ráðgefandi fagaðila vegna viðburðahalds í Reykjavík. Með samningnum er stutt við samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll helstu íþróttaviðburða í Reykjavík, sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir bæði íþróttastarfið, menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Viðburðahald ÍBR skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar íþróttastarfs í Reykjavík
- vera opið almenningi, aðgengilegt og sýnilegt
- viðburðir haldnir árlega með góða dreifingu yfir árið
- hafa alþjóðlega þátttakendur
- hafa faglega stjórnun
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal viðburðahald ÍBR starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við viðburðahald ÍBR er að:

- auka bæði samfélags,- og fjárhagslegan ávinning borgarinnar af viðburðahaldi.
- nýta kynningarmátt viðburðahalds með það að markmiði að auka þátttöku í almennu íþróttastarfi og bæta viðhorf almennings til almennrar hreyfingar, íþróttá,- og æskulýðsmála
- styðja við viðburði sem falla að *Stefnu íþróttamála í Reykjavík 2012-2020* og *Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020*
- auka veg og virðingu bæði almennings,- og afreksíþróttaviðburða
- búa til áhugaverðan vettvang fyrir afreksíþróttafólk innlent sem erlent, sbr. Reykjavíkurleikar, Tour of Reykjavík og Reykjavíkurmaraþon
- kynna Reykjavík sem íþróttahátíðaborg í fararbroddi
- velja viðburði er falla að stefnu borgarinnar er varðar mannvirkjagerð
- hafa samvinnu við þá sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun og sjálfsprottið íþróttaviðburðahald

- vekja athygli á og kynna menningu þeirra fjölmörgu og ólíku þjóða sem eiga þátttakendur á viðburðum ÍBR
- tryggja samfellu og framþróun íþróttaviðburðahalds sem laði að sér fleiri erlenda gesti og þar með auknar gjaldeyristekjur

Markmið viðburðahalds ÍBR er að:

- auka áhuga almennings á íþrótt- og um leið lýðheilsutengdri starfsemi
- skapa fjárhagslegan ávinning sem rennur til íþróttastarfs í Reykjavík
- halda úti samfelldu íþróttaviðburðastarfi sem teygir sig yfir allar árstíðir
- stuðla að skilvirku viðburðastarfi með hagsmuni borgarinnar og íþróttafélaganna í Reykjavík að leiðarljósi
- stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi íþróttaviðburðahalds
- rækta tengsl við erlend systursamtök, taka þátt í skipulögðu samstarfi við þau, og læra af þeim
- nýta kynningamáttinn til að hreyfa við og virkja þá er standa utan íþróttahreyfingarinnar, sbr. minnihlutahópa

Skyldur

ÍBR mun halda íþróttaviðburðina Reykjavíkurlaup, Tour of Reykjavík, Reykjavíkurléika, Norðurljósahlaup og Miðnæturhlaup í Reykjavík árlega 2019, 2020 og 2021, þar sem öllum borgarbúum er frjálst að fylgjast með og taka þátt.

ÍBR mun veita borginni ráðgjöf er varðar annað viðburðahald, vinna náið með borginni að þróun nýrra viðburða, og mögulega taka að sér framkvæmd viðburða.

Kynningarmál

Hafa skal náið samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við viðburðina. Frekara samstarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli ÍBR, ÍTR og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.